

## Svar

iðnaðarráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur um kostnað Landsvirkjunar við undirbúning orkuöflunar í þágu Noral-verkefnisins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hver var kostnaður Landsvirkjunar við undirbúning orkuöflunar í þágu Noral-verkefnisins á árabílinu 1997–2002, sundurliðað eftir helstu verkþáttum og árum?*

Ráðuneytið leitaði til Landsvirkjunar um svör við fyrirspurninni.

Kostnaður Landsvirkjunar við undirbúning orkuöflunar í þágu Noral-verkefnisins á árabílinu 1997–2002 nemur 2.576 millj. kr. á verðlagi janúar 2002. Þessi kostnaður skiptist þannig að 2.162 millj. kr. hefur verið varið til undirbúnings Kárahnjúkavirkjunar, en 155 millj. kr. til undirbúnings flutningsvirkja. Þá var kostnaður Landsvirkjunar vegna undirbúnings Fljótsdalsvirkjunar 259 millj. kr. á árunum 1997–2000.

Skipting þessa kostnaðar á verkþætti og ár er sem hér segir, í millj. kr. á verðlagi janúar 2002:

<b>Kárahnjúkavirkjun</b>							
Verkþættir	1997	1998	1999	2000	2001	2002 <sup>1)</sup>	Alls
Uppsetning og rekstur búða, vega / slóðagerð		93		43	19	10	<b>165</b>
Virkjunarrannsóknir		71	9	86	163	75	<b>404</b>
Umhverfis- og skipulagsmál			18	202	229	20	<b>469</b>
Verk- og útboðshönnun			45	181	297	225	<b>748</b>
Kynningarmál				8	10	5	<b>23</b>
Vegagerð í Fljótsdal					164		<b>164</b>
Annar kostnaður			5	28	91	65	<b>189</b>
<b>Alls</b>	<b>0</b>	<b>164</b>	<b>77</b>	<b>548</b>	<b>973</b>	<b>400</b>	<b>2162</b>

<b>Flutningsvirki</b>							
Verkþættir	1997	1998	1999	2000	2001	2002	Alls
Fljótsdalslínur 3&4 (undirbúningur)		1	51	26	16	5	<b>99</b>
Kröflulína 2, Fljótsdalslína 2 (undirbúningur.)			30		2	10	<b>42</b>
Tengivirki í Fljótsdal				1	8	5	<b>14</b>
<b>Alls</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>81</b>	<b>27</b>	<b>26</b>	<b>20</b>	<b>155</b>

<b>Fljótsdalsvirkjun</b>							
Verkþættir	1997	1998	1999	2000	2001	2002	Alls
Umhverfisrannsóknir og –skýrsla		13	29	2			<b>44</b>
Útboðshönnun			96	95			<b>191</b>
Annar kostnaður	2	9	7	6			<b>24</b>
<b>Alls</b>	<b>2</b>	<b>22</b>	<b>132</b>	<b>103</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>259</b>

<sup>1)</sup> Áætlaður kostnaður 2002.